

NÓVEMBER 2024



# Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Gæðauppgjör 2023



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Skimun fyrir brjóstakrabbameini.....	2
Um gögnin .....	2
Helstu tölur árið 2023.....	3
Samanburður á helstu tölum árin 2021, 2022 og 2023 .....	4
Gæðavísar skimunar fyrir brjóstakrabbmeini.....	4
Boð í skimun .....	5
Þátttaka í skimun.....	6
Niðurstöður úr skimun .....	11
Svartími.....	13
Greining brjóstakrabbameins.....	14
Dánartíðni.....	15
Lokaorð.....	16

### Ritstjórn

Guðný Bergþóra Tryggvadóttir  
Jón Óskar Guðlaugsson  
Sigríður Haraldsd. Elínardóttir

### Útgefandi

Embætti landlæknis  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
S. 510 1900  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is

© 2024 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með  
neinum hætti, svo sem  
ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt,  
að hluta eða í heild, án þess að  
geta heimildar.

## Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir [gæðavísium](#) þeim sem embætti landlæknis hefur skilgreint til að fylgjast með gæðum skimunar fyrir brjóstakrabbameini. Þegar heilbrigðisráðherra tók ákvörðun um að skipulagi á skimun fyrir krabbameinum yrði breytt var kveðið á um ábyrgð þeirra stofnana sem að koma. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) voru falin veigamikil hlutverk, m.a. rekstur og ábyrgð á samhæfingarstöð skimana og tók þannig við samhæfingarhlutverki hvað varðar framkvæmd krabbameinsskimana af Leitarstöð krabbameinsfélags Íslands. Samhæfingastöð krabbameinsskimana (SKS) ber ábyrgð á að leiðbeiningum um skimun, sem embætti



landlæknis gefur út, sé fylgt á landsvísu. SKS sér um skipulag og samhæfingu skimana í samvinnu við þá aðila sem að málinu koma. Það felur m.a. í sér að bjóða konum skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini, miðla upplýsingum um niðurstöður skimana og eftirfylgni. Þá er það einnig hlutverk SKS að sjá til þess að konur fái upplýsingar um lýðgrundaða skimun þannig að þær geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku.

Landspítala (LSH) var falin ábyrgð á skimun fyrir brjóstakrabbameini, þ.e. myndatökum og úrlestri sem og sérskoðun brjóstá á landinu öllu. Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) var einnig falin skimun fyrir brjóstakrabbameini í samstarfi við Landspítala. Skimun á landsbyggðinni fer fram með sérhönnuðu farandtæki sem fer um landsbyggðina á vorin og haustin og er gert út frá Landspítala. Embætti landlæknis var meðal annars falið að setja gæðakröfur, árangursviðmið og gæðavísa sem og að fara með gæðaeftirlit og árangursmat.

Helstu niðurstöður eru að þátttökulutfall hækkaði um 4 prósentustig á milli ára og er því 56% fyrir árið 2023. Hlutfallið hefur hins vegar verið langt undir viðmiðunarmörkum um 75% mætingu um árabíl, var hæst 62% árið 2020 en lægst 52% árið 2022. Þátttaka kvenna í yngstu aldurshópum hefur verið dræm undanfarin ár en jókst nú um 5 prósentustig á milli ára og er því 51% meðal kvenna á aldrinum 40-44 ára og 55% meðal kvenna á aldrinum 45-49 ára. Munur á þátttöku kvenna eftir ríkisfangi jókst enn frekar á milli ára, um 61% kvenna með íslenskt ríkisfang mætti í skimun samanborið við 18% kvenna með erlent ríkisfang. Allmikill munur var á þátttöku eftir landshlutum, mest þátttaka var á Austurlandi (68%), á Norðurlandi (63%) og á Vestfjörðum (63%) en lökust á Suðurnesjum (42%). Skýringin á því gæti verið hærra hlutfall kvenna af erlendum uppruna en þekkt er að sá hópur sækir síður heilbrigðisþjónustu. Brýnt er að leita leiða til að bregðast við. Kostnaður er þekkt hindrun í þátttöku í skimun en nýverið tilkynnti Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra að gjald vegna brjóstaskimunar myndi lækka úr rúmlega 6 þúsund krónum í 500 krónur. Áhugavert verður að fylgjast með hvort þessi breyting auki þátttöku í brjóstaskimunum. Þá þarf að skoða sérstaklega hvernig betur er hægt að ná til kvenna af erlendum uppruna.

Það er von landlæknis að áfram verði unnið að því að bæta þátttöku og tryggja gæði greiningar og meðferðar á brjóstakrabbameini. Þannig næst það markmið skimunar fyrir brjóstakrabbameini að minnka sjúkdómabyrði og lækka dánartíðni. Það er sameiginlegt verkefni kvenna og alls þess fagfólks sem að málum kemur.

*Alma D. Möller landlæknir*

## Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna á Íslandi og hefur nýgengi þess aukist jafnt og þétt síðustu áratugi. Á sama tíma hefur dánartíðni vegna brjóstakrabbameina lítið breyst en það er m.a. talið byggjast á snemmgreiningu og betri meðferðarmöguleikum. Því fyrr sem meinið greinist því meiri líkur eru á lækningu. Tíðni brjóstakrabbameins eykst með aldri og er meðalaldur við greiningu 61 ár.

Lýðgrunduð skimun fyrir brjóstakrabbameini þar sem teknar eru röntgenmyndir af brjóstum hófst hér á landi árið 1987. Tilgangur skimunarinnar er að lækka dánartíðni vegna krabbameins með því að greina það snemma og auka þar með líkur á lækningu. Skimun fyrir brjóstakrabbameini fer fram á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri auk sérhannaðs farandtækis sem fer um landsbyggðina, en Landspítali sér um skipulag og mönnun þess.

Með röntgenmyndatöku af brjóstum má greina brjóstakrabbamein áður en einkenni þess koma fram. Af þeim konum sem greindust með brjóstakrabbamein á árinu 2022 greindist um helmingur þeirra í skimun (51%) og um helmingur (49%) greindist eftir að hafa fundið fyrir einkennum frá brjóstum<sup>1</sup>.

## Um gögnin

Skýrslan byggir að mestu leyti á gögnum úr skimunarskrá sem haldin er skv. 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu 41/2007. Skráin er skilgreind sem miðlæg, meðferðartengd heilbrigðisskrá á landsvísu og er tilgangur hennar að stuðla að samræmdri og markvissri framkvæmd og eftirfylgni krabbameinsskimana. Gögn skrárinnar nýtast einnig til að fylgjast með þátttöku í skimunum, við samanburð milli landa, við gæðauppgjör krabbameinsskimana og til vísindarannsókna. Einnig eru nýttar upplýsingar um krabbameinsgreiningar úr krabbameinsskrá sem haldin er samkvæmt sömu lögum. Upplýsingar varðandi skipulag og verklag eru fengnar frá SKS og Brjóstamiðstöð LSH.


Krabbameinsskrá inniheldur gögn um öll krabbamein sem greinast á Íslandi og skimunarskrá inniheldur gögn um þátttöku í krabbameinsskimunum og skimunarsögu einstaklinga. Í skimunarskrá eru færðar upplýsingar úr þjóðskrá og upplýsingar frá rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu sem koma að framkvæmd skimana, þ.e. frá heilsugæslustöðvum, sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, LSH, SAK og SKS. Skráin er haldin í rauntíma og er hún því stöðugt uppfærð sem gerir það að verkum að tölur sem áður hafa verið gefnar út geta breyst lítillega. Skimunarskrá sú sem unnið er með er barn síns tíma og hefur að geyma gögn frá og með árinu 1985. Unnið er að gerð nýrrar skimunarskrár sem styður betur við yfirsýn og tölfræðigreiningar.

---

<sup>1</sup> Upplýsingar fengnar úr [gæðaskráningu brjóstakrabbameina](#) sem unnin er af rannsókn- og skráningarsetri Krabbameinsfélagsins í samvinnu við LSH og SAK.

## Helstu tölur árið 2023

## Skimun fyrir brjóstakrabbameini á Íslandi 2023



## Samanburður á helstu tölum árin 2021, 2022 og 2023

	Viðmið	2021	2022	2023	
Konur á skimunaraldri (40-74 ára)		72.039	72.039	75.602	
Fjöldi sem mætir í brjóstmynd þáttökuhlutfall	>75%	17.583 54%	19.814 52%	21.374 56%	–
Meðalsvartími	<15 dagar	13 dagar	4 dagar	6 dagar	✓
Fjöldi endurinnkallana		761	628	498	
Hlutfall endurinnköllunar	<5%	4,4%	3,2%	2,3%	✓
Meðalbiðtími eftir endurinnköllun þáttökuhlutfall endurinnköllunar	<10 dagar	15 dagar 96%	8 dagar 92%	4 dagar 98%	✓
Fjöldi setmeina ( <i>in situ</i> )		32	33	32	
Fjöldi ífarandi krabbameina ( <i>invasive</i> )		285	291	292	
Greinist innan árs frá skimun	<30%	5%	6%	6%	✓
Greinist innan tveggja ára	<50%	17%	19%	21%	✓
Fjöldi nýgreindra		317	324	324	
Fjöldi látinna		52	50	52	

- ✓ Innan gæðaviðmiða
- Utan gæðaviðmiða

## Gæðavísar skimunar fyrir brjóstakrabbmeini

	Viðmið
<b>Gæðavísir 1:</b> Hlutfall kvenna sem fær boð í skimun af þeim sem eiga að fá boð samkvæmt skimunarleiðbeiningum	100%
<b>Gæðavísir 2:</b> Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini	Yfir 75%
<b>Gæðavísir 3:</b> Hlutfall kvenna sem fær boð í endurinnköllun vegna óeðlilegra skimunarmynda	Undir 5%
<b>Gæðavísir 4:</b> Biðtími frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til sérskoðun á sér stað	Innan 10 daga
<b>Gæðavísir 5:</b> Biðtími frá mætingu í skimun þar til rafrænt svar berst konu inn á Heilsuveru	Innan 15 daga
<b>Gæðavísir 6:</b> Nýgengi brjóstakrabbameins, meðalfjöldi krabbameinsgreindra síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)	
<b>Gæðavísir 7:</b> Fjöldi kvenna sem greinast með setmein ( <i>in situ</i> )	
<b>Gæðavísir 8:</b> Fjöldi kvenna sem greinast með ífarandi krabbamein ( <i>invasive</i> )	
<b>Gæðavísir 9:</b> Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan árs frá eðlilegri skimun	Undir 30%
<b>Gæðavísir 10:</b> Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan tveggja ára frá eðlilegri skimun	Undir 50%
<b>Gæðavísir 11:</b> Dánartíðni brjóstakrabbameins, meðaltal látinna síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)	

## Boð í skimun

**Gæðavísir 1:** Hlutfall kvenna sem fær boð í skimun af þeim sem eiga að fá boð samkvæmt skimunarleiðbeiningum


**Viðmið:** 100% markhóps fá boð

**Staðan 2023:** 99,7% kvenna fengu boð af þeim sem áttu að fá boð

Öllum konum á aldrinum 40-74 ára með lögheimili á Íslandi er boðið í skimun fyrir brjóstakrabbameini samkvæmt skimunarleiðbeiningum landlæknis. Árið 2023 voru 75.602 konur á skimunaráldri á Íslandi en árið 2022 voru þær tæplega 74 þúsund.

Konur á aldrinum 40-69 ára fá boð í skimun á tveggja ára fresti og frá árinu 2021 fá konur á aldrinum 70-74 ára boð á þriggja ára fresti. Boð eru send út reglulega yfir árið og gengið er út frá afmælisdegi kvenna, aldri og fyrri sögu.

Alls voru send yfir 33.500 boð árið 2023 sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Til þess að meta árangur boðkerfis þá er fylgst með hversu stór hluti kvenna á skimunarskrá fær boð í skimun á réttum tíma. Boðkerfið flettir upp hverri konu og metur hvort hún uppfylli skilyrði fyrir boði eða ekki. Á síðustu árum hefur boðkerfið náð til á milli 98,9-99,7% kvenna í markhóp og telst það góður árangur.



**Mynd 1.** Hlutfall kvenna sem fær boð í skimun fyrir brjóstakrabbameini af þeim sem eiga að fá boð


## Þátttaka í skimun

**Gæðavísir 2:** Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini

**Viðmið:** Að þátttaka í skimun sé yfir 75%

**Staðan 2023:** 56% kvenna mættu í skimun

Hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini hækkaði um 4 prósentustig á milli ára eða úr 52% árið 2022 í 56% árið 2023 (sjá mynd 2). Hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini er reiknað sem samanlögð þátttaka kvenna á aldrinum 40-69 ára í tvö ár og kvenna á aldrinum 70-74 ára í þrjú ár og þátttakan borin saman við hversu margar konur eru á skimunarskilyrðum. Þátttökuhlutfall hefur verið undir viðmiðunarmörkum síðustu ár eins og sést á mynd 2 og var lægst 52% árið 2022.



**Mynd 2. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini árin 2009-2023**

Þátttaka jókst í öllum aldurshópum á milli ára (sjá töflu 1). Mesta aukningu mátti sjá í yngstu aldurshópnum en hún jókst um 5 prósentustig meðal kvenna á aldrinum 40-44 ára og 45-49 ára. Í öðrum aldurshópum jókst þátttaka um 2-4 prósentustig. Þrátt fyrir aukna þátttöku í yngri aldurshópum er hún ennþá lökust meðal yngri kvenna og því hefur verið í skoðun að að bjóða konum í yngsta aldurshópnum gjaldfrjálsa skimun til að reyna að ná betur til þess hóps. Í október 2024 var kostnaður við brjóstskimun lækkaður í 500 krónur (var yfir 6.000 krónur) og verður áhugavert að sjá hvort það skili sér í aukinni þátttöku.



Tafla 1. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir aldurshópum 2018-2023

Aldurshópur	2018	2019	2020	2021	2022	2023
40-44 ára	54%	59%	60%	51%	46%	51%
45-49 ára	58%	61%	61%	54%	50%	55%
50-54 ára	58%	60%	61%	54%	53%	56%
55-59 ára	59%	62%	63%	55%	54%	58%
60-64 ára	58%	61%	61%	55%	54%	58%
65-69 ára	56%	60%	61%	54%	54%	58%
70-74 ára	-	-	-	55%	56%	58%
<b>40-74 ára</b>	<b>57%</b>	<b>61%</b>	<b>62%</b>	<b>54%</b>	<b>52%</b>	<b>56%</b>

Þegar þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini er skoðuð eftir heilbrigðisumdæmum má sjá að hún hefur aukist í öllum umdæmum frá árinu 2022. Mikill munur er þó á þátttöku eftir umdæmum, þátttökuhlutfall er lægst á Suðurnesjum (42%) og hæst á Austurlandi (68%). Hlutfallið jókst um 5 prósentustig og jafnframt mest á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi en minnst um 2 prósentustig á Suðurnesjum og Norðurlandi.


Viðvarandi lægra þátttökuhlutfall á Suðurnesjum gæti m.a. skýrst af því að ekki er boðið upp á skimun á Suðurnesjum, heldur er konum gert að sækja þjónustuna til höfuðborgarinnar. Einnig er herra hlutfall fólks af erlendum uppruna á þessu svæði, en vitað er að þessi hópur fólks leitar sér síður heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að ná til kvenna af erlendum uppruna og kynna þeim mikilvægi skimana. Bæklingur um kosti og galla skimunar er á vef embættis landlæknis á íslensku (sjá [IS](#)), ensku (sjá [EN](#)) og pólsku (sjá [PL](#)). Heilsugæslunni var falið af heilbrigðisráðherra að auka þátttöku í skimunum og var kynningarherferð hrundið af stað árið 2022 til að freista þess að bæta þátttöku í krabbameinsskimun. Mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að gera enn betur.

Boðið er upp á brjóstaskimun í öllum heilbrigðisumdæmum nema á Suðurnesjum. Farið er bæði að vori og hausti með farandtæki á landsbyggðina til þess að sinna brjóstaskimun á þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Ferðast er milli þéttbýlisstaða samkvæmt skipulagi Brjóstamiðstöðvar Landspítala.

Tafla 2. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir heilbrigðisumdæmum 2018-2023

Heilbrigðisumdæmi	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Höfuðborgarsvæðið	56%	60%	61%	53%	51%	55%
Suðurnes	49%	53%	53%	43%	40%	42%
Vesturland	58%	60%	56%	59%	54%	59%
Vestfirðir	65%	66%	71%	58%	58%	63%
Norðurland	61%	66%	63%	60%	61%	63%
Austurland	68%	72%	69%	65%	63%	68%
Suðurland	60%	62%	65%	58%	56%	61%
<b>Allt landið</b>	<b>57%</b>	<b>61%</b>	<b>62%</b>	<b>54%</b>	<b>52%</b>	<b>56%</b>

Nokkur munur hefur verið á þátttöku kvenna eftir ríkisfangi á síðustu árum en af þeim konum sem fengu boð árið 2023 mætti um 61% kvenna með íslenskt ríkisfang í skimun samanborið við 18% kvenna með erlent ríkisfang (sjá mynd 3). Hlutfall kvenna með íslenskt ríkisfang sem mætti í brjóstaskimun hækkaði um 4 prósentustig á milli ára en hlutfall meðal kvenna með erlent ríkisfang stóð í stað. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini var mest árið 2020, en þá mætti 65% meðal kvenna með íslenskt ríkisfang og 24% meðal kvenna með erlent ríkisfang í skimun.




**Mynd 3. Hlutfall kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang sem mætti í brjóstaskimun á árunum 2014-2023**

Eins sjá má á mynd 4 er þróun þátttökuhlutfalls í skimun mismunandi eftir heilbrigðisumdæmum. Þátttaka jókst í öllum umdæmum meðal kvenna með íslenskt ríkisfang, mest um 7 prósentustig á Vestfjörðum og um 6 prósentustig á Vesturlandi, en minnst á Suðurnesjum um 3 prósentustig.


Mikil aukning var á þátttöku meðal kvenna með erlent ríkisfang á Austurlandi en þar jókst hún um 9 prósentustig og var því 32% fyrir árið 2023. Í öðrum umdæmum breyttist þátttökuhlutfall kvenna með erlent ríkisfang lítið, hækkaði um 1-2 prósentustig á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi og Suðurlandi en lækkaði um 1 prósentustig á Suðurnesjum og Vesturlandi.

Hluti skýringar á hærra þátttökuhlutfalli kvenna með erlent ríkisfang á Austurlandi gæti verið að árið 2023 voru boð send út með meiri fyrirvara en árið á undan og konur höfðu því lengri fyrirvara til að panta tíma þegar farandtækið var á staðnum.




Mynd 4. Hlutfall kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang sem mætti í skimun fyrir brjóstakrabbameini skipt eftir heilbrigðisumdæmum og ríkisfangi á árunum 2018- 2023

Konum sem mættu í röntgenmyndtöku fyrir krabbameini í brjóstum árið 2023 fjölgaði og er fjöldi þeirra orðinn sambærilegur við fjölda árið 2019 (sjá mynd 5). Fjölgað hefur í skimunarhópnum frá árinu 2021 en í byrjun þess árs var einnig farið að senda boð til kvenna á aldrinum 70-74 ára.



Mynd 5. Fjöldi röntgenmyndataka fyrir krabbameini í brjóstum kvenna á aldrinum 40-74 ára<sup>2</sup> 2019-2023



Mynd 6. Fjöldi röntgenmyndataka fyrir krabbameini í brjóstum greint eftir mánuðum 2020-2023

<sup>2</sup> Árin 2019 og 2020 fengu konur á aldrinum 40-69 ára boð í skimun.

## Niðurstöður úr skimun

**Gæðavísir 3:** Hlutfall kvenna sem fá boð í endurinnköllun vegna óeðlilegra skimunarmynda

**Viðmið:** Undir 5% kvenna séu með óeðlilega skimunarmynd

**Staðan 2023:** 2,3% kvenna voru með óeðlilega skimunarmynd og fengu boð í endurinnköllun til frekari rannsókna

**Gæðavísir 4:** Biðtími frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til sérskoðun á sér stað

**Viðmið:** Innan 10 virkra daga (tveggja vikna)

**Staðan 2023:** 98% fengu tíma innan 10 virkra daga


Röntgenmyndatökur vegna skimunar fyrir brjóstakrabbameini voru alls 21.374 árinu 2023. Við úrlestur þessara mynda mátu röntgenlæknar grunsamlegar breytingar í 498 tilfellum og var þá viðkomandi kona kölluð inn í sérskoðun á brjóstum (sjá [sérskoðun](#)). Þetta eu færri tilfelli en árin á undan, árið 2022 voru greindar breytingar í 628 tilfella og í yfir 700 árin 2021 og 2020.

Biðtími eftir endurinnköllun er sá tími sem líður frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til konan mætir í frekari skoðun. Sú skoðun kallast sérskoðun á brjóstum og felur í sér endurtekna röntgenmynd af brjóstinu, ómun af brjósti og tekið er vefjasýni til greiningar ef ástæða er til. Þessi rannsókn tekur um 30-60 mínútur. Miðað er við að biðtími eftir svári úr sérskoðun sé að hámarki fimm virkir dagar.

Ef tekið er vefjasýni til greiningar getur tekið um tvær vikur að fá niðurstöðu. Markmiðið með slíku sýni er að greina hvort um góðkynja eða illkynja breytingar sé að ræða.


Hlutfall endurinnköllunar lækkaði á milli ára og var 2,3% árið 2023 samanborið við 3,2% árið 2022 og 4,4% árið 2021, en samkvæmt gæðaviðmiðum er miðað við að hlutfallið fari ekki yfir 5% (sjá mynd 7).

Af þeim konum sem voru kallaðar inn í sérskoðun mættu 484 innan 10 virkra daga eða yfir 98% þeirra sem fengu boð. Þetta er aukning frá síðasta ári en 92% kvenna mættu innan 10 virkra daga árið 2022.




Mynd 7. Hlutfall skimana sem leiða til endurinnkallana

Pegar endurinnkallanir eru skoðaðar eftir mánuðum fyrir árið 2023 má sjá að hlutfall endurinnkallana er hærra yfir sumarmánuðina og seinnihluta árs, var hæst um 4% í ágúst (sjá mynd 8). Hlutfallið var hins vegar hæst fyrstu mánuði ársins 2022.



**Mynd 8. Hlutfall skimana sem leiða til endurinnkallana eftir mánuðum ársins 2022 og 2023**

Konur sem voru kallaðar inn í sérskoðun árið 2023 biðu að jafnaði fjóra virka daga eftir að mæta í sérskoðun. Um 93% kvenna fengu tíma í sérskoðun innan viku og 98% innan 10 daga (sjá mynd 9).



**Mynd 9. Hlutfall sem mætir í sérskoðun innan viku (5 virkra daga), 2ja vikna (10 virkra daga) og 3ja vikna (15 virkra daga) frá brjóstaskimun árin 2020-2023**

## Svartími


**Gæðavísir 5:** Biðtími frá mætingu í skimun þar til rafrænt svar berst konu inn á Heilsuveru

**Viðmið:** Að svar berist innan 15 virkra daga frá skimun

**Staðan 2023:** 5,7 virkir dagar

Svartími brjóstaskimunar er skilgreindur sem fjöldi virkra daga sem líður frá því að kona mætir í brjóstaskimun og þar til konan hefur fengið svar inn á vefsíðuna island.is. Á árinu 2022 fóru svör úr brjóstaskimun einnig að berast konum inn á *Mínar síður* á heilsuvera.is.

Mjög góður árangur náðist á árunum 2022 og 2023 í að ná niður svartíma eftir skimunarmyndatöku. Meðalsvartími var 5,7 virkir dagar frá mætingu í brjóstaskimun til svardags árið 2023 sem er ívið lengri en árið 2022 þegar hann var að jafnaði 4,4 dagar. Svartími hefur þó styst mikið frá árinu 2021. Á mynd 10 má sjá þróun meðalsvartíma á mánuði frá janúar 2021 til desember 2023. Meðalsvartími var lengstur um tíu virkir dagar tvo mánuði ársins 2023 en var vel undir viðmiðum aðra mánuði þess árs eða 4 til 6 dagar.



Mynd 10. Meðalsvartími mældur í virkum dögum frá mætingu í skimun fyrir brjóstakrabbameini til svardags

## Greining brjóstakrabbameins

**Gæðavísir 6:** Nýgengi brjóstakrabbameins, meðalfjöldi krabbameinsgreindra síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)

**Staðan 2019-2023:** 151,5/100.000

**Gæðavísir 7:** Fjöldi kvenna sem greinast með setmein (*in situ*)

**Staðan 2023:** 32 konur

**Gæðavísir 8:** Fjöldi kvenna sem greinast með ífarandi krabbamein (*invasive*)

**Staðan 2023:** 292 konur

Nýgengi brjóstakrabbameins síðustu fimm árin, frá 2019-2023 er 151,5/100.000 samkvæmt krabbameinsskrá og hefur hækkað frá síðasta fimm ára tímabili, 2014-2018, þegar það var 140,1/100.000. Alls greindust 324 konur með brjóstakrabbamein árið 2023, 32 konur með setmein og 292 með ífarandi krabbamein. Meðalaldur kvenna við greiningu var 61 ár á síðasta fimm ára tímabili ([krabbameinsskrá](#)).

Setmein (*ductal/lobular carcinoma in situ*) er staðbundið krabbamein í mjólkurgangi eða mjólkurkirtli sem ekki hefur rofið umlykjandi grunnhimnu (*basement membrane*). Þessi mein geta með tímanum þróast yfir í ífarandi krabbamein.

Ífarandi krabbamein er krabbamein sem hefur brotist í gegnum þau mörk sem eðlilegur brjóstvefur setur og getur dreift sér til aðliggjandi svæða og annarra líffæra. Stigun krabbameins við greiningu miðast við stærð æxlis. Ef æxli er undir 20 mm, er það á stigi T0-T1 en ef það er yfir 20 mm er það á stigi T2-T4. Um 54% æxla sem greindust 2023 voru á stigi T0-T1 og 46% voru á stigi T2-T4 samkvæmt [krabbameinsskrá](#).

Algengustu aðgerðir vegna brjóstakrabbameins eru brotnám á brjósti og fleygskurður. Árið 2023 fóru um 45% kvenna sem höfðu greinst í brotnám þar sem allt brjóstið var fjarlægð en 55% fóru í fleygskurð, þar sem meinið var skorið burt og aðeins hluti af brjóstinu tekið. Um 4% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein 2023 voru með fjarmeinvörp við greiningu. Brjóstakrabbamein sem greinast í skimun eru oftast minni og því frekar meðhöndluð með fleygskurði.

**Gæðavísir 9:** Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan árs frá eðlilegri skimun

**Viðmið:** Undir 30%

**Staðan 2023:** Um 6% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein 2023 höfðu farið í skimun sem var metin eðlileg innan árs frá greiningu

**Gæðavísir 10:** Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan tveggja ára frá eðlilegri skimun

**Viðmið:** Undir 50%


**Staðan 2023:** Um 21% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein 2023 höfðu farið í skimun sem var metin eðlileg innan tveggja ára frá greiningu

Sýnt hefur verið fram á að röntgenmynd af brjóstum er besta aðferðin við skimun fyrir brjóstakrabbameini en sú aðferð er háð innbyggðum takmörkunum sem ekki er hægt að yfirstíga. Þannig sjást ekki öll krabbamein á röntgenmynd og greinast því ekki slíkri skoðun.



Gæðavísar 9 og 10 segja til um næmi skimunar. Ef krabbamein greinist innan árs frá síðustu skimun bendir það til þess að skimun hafi hugsanlega gefið falska neikvæða niðurstöðu, þ.e. ekki greint krabbamein sem hugsanlega var til staðar. Gæðavísir 10 segir til um þann fjölda kvenna sem greinist með krabbamein innan tveggja ára frá eðlilegri skimun og áður en þær fá boð í næstu skimun.

Á mynd 11 má sjá að 6% kvenna sem greindust með krabbamein árið 2023, höfðu farið í skimun sem sýndi ekkert óeðlilegt á undanförunum 12 mánuðum og 21% kvenna á undanförunum 24 mánuðum. Hlutfall kvenna sem greinast innan tveggja ára frá síðustu skimun hefur farið talsvert hækkandi frá árinu 2017 þegar það var 12%.



**Mynd 11. Hlutfall kvenna sem greindust innan árs frá skimun og innan tveggja ára frá skimun, af þeim konum sem greindust með brjóstakrabbamein**

## Dánartíðni

**Gæðavísir 11 :** Dánartíðni vegna brjóstakrabbameins, meðaltal látinna síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)

**Staðan 2019-2023:** 28,8/100.000

Á árinu 2023 létust 52 konur úr brjóstakrabbameini en á síðustu fimm árum létust 50 konur að meðaltali á ári úr sjúkdómnum.

Dánartíðni er skilgreind sem fjöldi látinna á hverjar 100.000 konur og notaður er Norrænn aldursstaðall við útreikningana. Dánartíðni er metin yfir fimm ára tímabil og var dánartíðni sjúkdómsins 28,8/100.000 fyrir tímabilið 2019-2023 og hefur lækkað frá fyrra fimm ára tímabili, 2014-2018, þegar hún var 30,9/100.000. Hægt er að sjá stöðu Íslands í samanburði við aðrar þjóðir á heimasíðu [Nordcan](#).

## Lokaorð

Lýðgrunduð skimun fyrir krabbameini í brjóstum er mikilvæg leið til þess að draga úr dánartíðni vegna brjóstakrabbameina. Með því að greina mein á byrjunarstigi aukast lífslíkur til muna og meðferð verður oft einfaldari fyrir konuna og ódýrari fyrir samfélagið. Til þess að skimun skili tilætluðum árangri þarf að fylgjast með framkvæmd hennar, m.a. þátttöku, og bregðast við ef þátttaka er undir væntingum.

Þátttaka kvenna í skimun fyrir brjóstakrabbameini var um 56% árið 2023 og jókst þar með um fjögur prósentustig á milli ára. Þátttakan hefur hins vegar verið undir viðmiðum mörg undanfarin ár og brýnt er að bæta úr því.

Þátttökuhlufall er mismunandi eftir aldri, ríkisfangi og búsetu. Hlutfallið er lægst meðal kvenna á aldrinum 40-44 ára þó svo að þátttaka í þessum hópi hafi aukist um 5 prósentustig á milli ára. Þátttaka kvenna með erlent ríkisfang er mun dræmari en meðal kvenna með íslenskt ríkisfang og aðeins mættu um 18% þeirra árið 2023 á landsvísu. Nokkur munur er á þátttöku í þessum hópi eftir heilbrigðis-umdæmum, um 32% kvenna með erlent ríkisfang mættu í skimun á Austurlandi og þar með jókst þátttaka þar um 9 prósentustig en aðeins mættu um 10% á Suðurnesjum þar sem heldur dró úr þátttöku.

Framkvæmd skimana fyrir brjóstakrabbameini hefur verið í þróun frá árinu 2021 þegar miklar breytingar urðu á fyrirkomulaginu. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins setti af stað kynningarátak árið 2022 með hvatningu fyrir konur til að mæta í brjóstaskimun og gæti hafa átt sinn þátt í aukinni þátttöku árið 2023.

Á hinum Norðurlöndunum hefur það gefist vel að tími í skimun sé fyrirfram ákveðinn í boðsbréfi en viðtakandi geti haft samband og breytt tímanum eftir þörfum. Verið er að skoða möguleika á að forbóka tíma hér á landi. Það hefur lengi verið í umræðunni að lækka komugjald í skimun fyrir brjóstakrabbameini en kostnaður er þekkt hindrun í þátttöku í skimun. Í október 2024 var gjaldið lækkað úr rúmum 6.000 kr. í 500 krónur og vonast er til að þessi lækkun skili sér í aukinni þátttöku kvenna í skimun.

Verkefnið framundan er að auka þátttöku kvenna enn frekar í skimunum. Góð þátttaka er frumskilyrði þess að lýðgrunduð skimun skili þeim árangri sem til er ætlast og það er sameiginlegt verkefni allra sem að málum koma að auka þátttöku í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Það er því mikilvægt að fylgjast áfram náið með gæðum og árangri skimunarinnar.